

Safnar kveikjurum

Póráis Guðmundsdóttir á Ísafirði hefur safnað kveikjurum frá árinu 1990 og á í dag milli 6-700 kveikjara. Hún nýtir kveikjarana sem veggskraut í sumarhúsinu.

— sjá bls. 10



Náttúruunnandi og hrefnuveiðimaður

Bolvíkingurinn Konráð Eggertsson, er vel þekktur Vestfirðingur og landsþekktur hrefnuveiðimaður. Hann byrjaði fjórtán ára til sjós og hefur stundað sjómennsku síðan með litlum hléum. Hann hefur einnig sigið í björg og þá aðallega Hælavíkurbjarg, þar sem hann og tveir félagar hans tóku eitt sinn 14 þúsund egg á einum sólarhring.

— sjá bls. 12 og 13.



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 29. ágúst 2013 · 34. tbl. · 30. árg. · Ókeypis eintak

Skóla- starfið hafið!




OPIÐ

virka daga
8-18
laugardaga
10-14

SMÍÐJAN

VERSLUN
SINDRAGÖTU 12

- HAMRÁÐ GLER
- SPEGLAR
- SANDBLÁSIÐ
- OG MARGT FLEIRA



ALLT
Í GLERI
SÍÐAN 1989

Íspan
GLER OG SPEGLAR

SMÍÐJUVEGI 7 · KÓPAVOGI · 54 54 300 · SENDUM UM ALLT LAND

EINFÖLD REIKNIVÉL
Á EBOX.IS

eBOX
auðveldar smásendingar



Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA
SMÆRRI SENDINGAR



eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Eimskipa á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fjótlegt.

EIMSKIP
eBOX

Eimskip | Korngröðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is

Vilja banna lausa- göngu katta

Meirihluti svarenda (70%) í viðhorfskönnun sem Súðavíkurbúinn lét framkvæmda meðal íbúa í Súðavík er fylgjandi því að lausaganga katta verði bönnuð í sveitarfélaginu. 10% svarenda voru hlutlausir og 20% voru ósammála eða mjög ósammála. Í ljósi niðurstöðunnar hefur sveitarstjóra verið falið að gera tillögur að nýjum reglum um kattahald í sveitarfélaginu. Könnunin var framkvæmd í samstarfi við Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða. Í Ísafjarðarbæ er kattahald bannað, að undanteknum köttum á lögbýlum. Þó er hægt að sækja um leyfi til kattahalds með ákveðnum skilyrðum, meðal annars þarf að greiða leyfisgjald ár hvert og um leið að framvísa vottorði dýralæknis um að kötturinn hafi verið hreinsaður af spóluormum. Hver köttur skal vera tryggður fyrir því tjóni sem hann kann að valda ber leyfishafa að taka tillit til fuglalífs á varptíma. Kötturinn verður að bera hálsól með bjöllu auk plötu með skráningarnúmeri og símanúmeri eiganda.

Ásgerður Þorleifsdóttir
formaður Ferðamála-
samtaka Vestfjarða.



Vestfirðir ekkert heilagri en önnur svæði

„Vestfirðir eru ekkert heilagra svæði en önnur, þetta hefur verið vandamál frá upphafi í allri ferðaþjónustu. Af hvaða stærðargráðu en hve mikið hef ég ekki vit á og engar opinberar tölur eru til um það,“ segir Ásgerður Þorleifsdóttir, formaður Ferðamála-samtaka Vestfjarða, en eftirlit skattayfirvalda með fyrirtækjum í ferðaþjónustu hefur verið ábótavant um langan tíma að mati starfandi aðila í greininni. Ásgerður telur að vandamálið loði almennt talið mest við gistinguna en ekki er búið að rannsaka Vestfirði sérstaklega hvað þetta varðar. Hún segir að til sé fólk á Vestfjörðum

sem leigi út íbúðir án þess að hafa til þess tilskilin leyfi.

„Ég held að skýringin sé fyrst og fremst vanþekking fólks. Það áttar sig ekki á að það þurfi leyfi sem er sára einfalt að nálgast og kostar lítið. Auðvitað eru svartir sauðir innan um en það er líka mikið um þekkingarleysi,“ segir Ásgerður. Annað vandamál sem færir í vöxt er að ferðaskipuleggjendur eru farnir að starfa sem ferðaskrifstofur og selja nokkurra daga ferðir með gistingu og öllu tilheyrandi. Fyrirtæki sem hafa leyfi til skipulagningar á dagsferðum hafa ekki leyfi til að starfa sem ferðaskrif-

stofa. Þá þarf sérstakt ferðaskrifstofuleyfi og greiða þarf háar tryggingaupphæðir. Hún segir auðvelt að fara í kringum hlutina.

„Til að vera með í auglýsingu og markaðsefni frá Ferðamálastofu og Markaðsstofu þarf sérstakt leyfi frá Ferðamálastofu. Hins vegar getur hver og einn markaðssett sig hingað og þangað án leyfa. Þá geta allir sem leigja út íbúðir auglýst sig á netinu þar sem engra skilyrða er krafist. Ef maður fléttir þar í gegn er fullt af leyfislausum íbúðum um land allt,“ segir Ásgerður. Hún segir það fagnaðarefni að verið sé að taka á málum sem þessum. Fyrir-

tæki verði að keppa á samkeppnisgrundvelli og eigi ekki að komast upp með að svíkjust undan.

„Ef ferðaþjónustuiðnaðurinn vill láta taka sig alvarlega sem atvinnugrein verður hann að fara að starfa sem alvöru atvinnugrein. Þá verður að taka meira á þessu, þetta er mikið vandamál og það eru lög og reglur sem þarf að fylgja en fólk kemst upp með að starfa án þeirra því eftirliti er ekki fylgt nógu vel eftir. Einhvers staðar strandar þetta, það koma tilkynningar til lögreglu frá SAF og Ferðamálastofu um ólöglega starfsemi en einhvers staðar stoppar þetta,“ segir Ásgerður.



Félagsmenn í Verk Vest !

**Boðað er til opins kjaramálafundar á Hótel Ísafirði
kl.18.30 þriðjudaginn 10. september.**

Dagskrá:

1. Kjaramál félagsmanna Verk-Vest
– undirbúningur fyrir komandi kjaraviðræður

Fundarhlé – léttur málsverður.

2. Samningsumboð Verk-Vest til landssambanda ASÍ
3. Kosning á þing SGS
4. Önnur mál

Félagsmenn eru hvattir til að fjölmenna og hafa áhrif á kröfugerð félagsins. Þátttaka tilkynnist til skrifstofu félagsins fyrir 6. september í síma 456 3190 eða á postur@verkvest.is. Boðið verður upp á ferðir frá Hólmavík og Patreksfirði ef næg þátttaka fæst.

Stjórn Verkalýðsfélags Vestfirðinga





Nicorette® QuickMist munnholsúði

HVISS!

- og reykingalöngunin minnkar

Nicorette® QuickMist munnholsúðinn er nýjasta níkótínlyfið frá Nicorette og virkar á 60 sekúndum



Nicorette® QuickMist

- Úðist í munn við reykingapörf
- 1 mg níkótín í hverjum úða
- Nota skal 1-2 úða í hvert sinn
- Virkar á 60 sekúndum
- Er með mintubragði
- Hvert úðahylki inniheldur 150 úða
- Fæst án lyfseðils í næsta apóteki



nicorette auðveldar þér að hætta að reykja

nicorette
nicotin

Nicorette® QuickMist munnholsúði er níkótínlyf (inniheldur einnig lítið magn af etanóli (alkóhól), minna en 100 mg/úða). Lyfið er fánlegt án lyfseðils og notað til meðferðar á níkótínfíkn, til að draga úr fráhrarfseinkennum þegar reykingum er hætt. Hætta skal reykingum alveg meðan á meðferð stendur. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið var reyktt en hámarksdagskammtur er 64 úðar. Notaðu allt að 4 úða á klst., en ekki fleiri en 2 úða við hverja skömmtun. Hvorki skal borða né drekka meðan á notkun munnholsúðans stendur og gæta skal að úða ekki í augu. Ekki má nota Nicorette QuickMist ef þú ert með ónaemi fyrir níkótíni eða öðru innihaldsefni lyfsins. Gæta skal sérstakrar varúðar við notkun lyfsins ef þú hefur nýlega fengið hjartadrep eða heilaslæg, ert með brjóstverk (hjartaómg), hjartasjúkdóm, ómeðhöndlaðan háþrýsting, hefur fengið bráðafnæmisviðbrögð eða útbrot með kláða, ert með skerta lífránstarfsemi, alvarlegan nýrnasjúkdóm, sykursýki, óvirkjan skjaldkirtil, æxli í nýrnaheftum, magasár eða vélindabólgu. Einstaklingar yngri en 18 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. Þeir sem ekki hafa reyktt eiga ekki að nota lyfið. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, 210 Garðabæ.



Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
Ábyrgðarmenn: Halldór Sveinbjörnsson, Sigurjón J. Sigurðsson.
Blaðamenn: Harpa Oddbjörnsdóttir, 846 7487, harpa@bb.is
Hörður A. Steingrímsson, 691-9474, hordur@bb.is
Auglýsingar: Halldór Sveinbjörnsson, 894 6125, halldor@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandsþóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bb.is
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfðunum bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Veðiheimildir til veiða – burt með braskið

Tillögur sjávarútvegsráðherra um skipan veiða á úthafsækju ber með sér að stjórnvöld vita ekki í hvorn fótinn þau eiga að stíga, og velja því leið kattarens, í kringum heita grautinn. Þau forðast að taka á vandanum, afleiðingum fyrri axarskafta. Ráðherrann segir horft til „hagsmuna beggja hópa.“ a) Þeirra sem síðustu þrjú árin hafa lagt allt sitt undir og stundað veiðar. b) Þeirra, sem á sínum tíma flögguðu veiðileyfum, en sinntu sjálfir veiðum í litlu, sem engu.

Að mati ráðherrans er þetta einstakt mál vegna þess að þegar þáverandi ráðherra gaf veiðarnar frjálslar, „var ekki skorið úr um réttindi þeirra sem réðu yfir aflahlutdeild í tegundinni og rétti þeirra sem myndu stunda hinar frjálslu veiðar.“ Parna er komið að kjarna málsins, bitbeininu í kvótamálinu frá upphafi: „hvort fiskveiðiréttindin séu eignarréttindi eða afnotaréttur.“ eins og Kristinn H. Gunnarsson, fyrrv. alþingismaður, orðar það á bb.is fyrir nokkru. Hann bendir jafnframt á að í fyrstu grein laga um stjórn fiskveiða sé girt algerlega fyrir séreignaréttinn með ákvæði um þjóðareign; að „dómsstólar hafa dæmt með þjóðareign og gegn séreignarétti á kvóta í öllum dómsmálum á báðum dómsstigum, hingað til.“ og að máli gegn Jóni Bjarnasyni, fyrirverandi sjávarútvegsráðherra, gegn ákvörðun hans um frjálslar úthafsækjuveiðar, var vísað frá dómi.

Hvað á sjávarútvegsráðherra við með því að þegar veiðifrelsið var innleitt, hafi ekki verið skorið úr um réttindi þeirra sem réðu yfir aflaheimildum? Er ráðherrann að fá að séreignarétti leyfishafa, þrátt fyrir skýr ákvæði laga um þjóðareign? Reyndar hefur útgerðarmaður, nokkur, komist svo að orði að fiskurinn eigi sig sjálfur, þar til hann hefur veitt hann. Kannski endar þetta með slagorðinu: fyrstur kemur, fyrstu fær!

Bæjarins besta tekur heilshugar undir ályktun bæjarráðs Ísafjarðarbæjar gegn því sem ráðið kallar óskiljanlegan Salómonsdom, (hinum eina og sanna Salómon hefði aldrei komið annað eins til hugar) ásetningi sjávarútvegsráðherra „að við setningu nýrra aflahlutdeilda í úthafsækju verði eldri aflahlutdeildir látnar ráða að 7/10 hlutum en veiðireynsla síðustu þriggja ára að 3/10 hlutum,“ en þetta er það sem haft er eftir ráðherranum að sé sanngjörn og skynsamleg leið. Felst sanngirnin í því að þeim sem stundað hafa veiðarnar sé ýtt til hliðar og skynsemin í því að vinnslufyrirtæki, sem samhliða hafa verið byggð upp, verði lögð í rúst?

Við upphaf kvótakerfisins var veiðiheimildum eingöngu úthlutað til þeirra er stundað höfðu veiðar síðustu þrjú árin. Ætlunin var að þeir sem fengu veiðirétt nýttu hann sjálfir. Hvenær ætla stjórnvöld að sýna dug sinn í að færa kvótakerfið í það horf, sem upphaflega var stefnt að, veiðiheimildir séu nýttar til veiða, ekki til að braska með þær?

s.h.

Spurning vikunnar

Á aðalflugvöllurinn fyrir innalandsflugið að vera áfram í Vatnsmýrinni í Reykjavík?

Alls svöruðu 1.010.

Já sögðu 836 eða 83%

Nei sögðu 39 eða 4%

Alveg sama sögðu 135 eða 13%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



Verðlaunahafar á mótinu ásamt Pim og Inga.

Söfnuðu fyrir krabbameinssjúka

Guðbjörn Salmar Jóhannsson og Anna Guðrún Sigurðardóttir báru sigur úr býtum á styrktarmóti Pimónlask Rodpitake og Inga Magnfreðssonar, sem haldið var á Tungudalsvelli á laugardag. Mótið var haldið til styrktar kaupum á línuhraðal fyrir Landsspítalann en beiting háorku ljóseinda-geislunar frá línuhröðlum hefur verið sú tækni sem mest hefur verið notuð við geislameðferð

krabbameinssjúklinga síðustu fimmtíu árin og hefur hún skilað umtalsverðum árangri. Alls söfnuðust 324.499 krónur.

Keppt var í punktakeppni í einum flokki og veitt verðlaun fyrir besta skor í karla- og kvennaflokki. Í punktakeppninni bar Guðbjörn Salmar Jóhannsson sigur úr býtum með 39 punkta. Magnús Gautur Gíslason var í öðru sæti með 38 punkta og

Valtýr Gíslason fast á hæla hans með 36 punkta. Besta skor í karlaflokki átti Gunnsteinn Jónsson á pari vallarins 70 höggum og besta skor í kvennaflokki átti Anna Guðrún Sigurðardóttir á 98 höggum. Náðarverðlaun á 6. braut átti Gunnsteinn einnig, á 7. braut var það Guðni Ólafur Guðnason og á 15. og 16. braut átti Jón Halldór Oddsson verðlaunin.

– harpa@bb.is

Saladmaster eigendur ath!



Við verðum með matreiðslunámskeið föstudaginn 6. september kl. 19:00 að Hafnarstræti 18 (sláturhúsið) á Þingeyri. Námskeiðið er ykkur að kostnaðarlausu. Skráið ykkur í síma 555 0350 milli kl. 9-15 eða á eldamennska @eldamennska.is.



H Jacobsen ehf.



Íðnaðarhúsnæði til leigu

Til leigu er 195m² iðnaðarhúsnæði að Sindragötu 11 í Ísafjarðarbæ. Laust frá og með 1. september 2013. Um er að ræða miðhluta við suðvesturhlíð hússins. Einnig fylgir hlutdeild í lóð og bílastæðum. Miðað er við að leigutaki, taki við húsnæðinu í núverandi ástandi. Leiguverð er kr. 115.000.- auk vsk.

Frekari upplýsingar eru veittar í síma 421 5460 eða á skuli@urtustein.is.

Samkaup **úrval**

góðir grannar

Helgartilboð 29. ágúst - 1. september

samkaupurval.is

Ódýrt

verð áður 359 kr/pk

298 kr pk

Spergilkálsblanda 750g
frá Coop

Góð kaup!

**Úrvals svína-
hnakkasteikur**

verð áður 1.698 kr/kg

úr kjötborði eða pakkaðar ferskar

1.358 kr/kg

Góð kaup!

verð áður 2.398 kr/kg

1.894 kr kg

Úrvals svínalundir
úr kjötborði eða pakkaðar ferskar

...sjá uppskrift
einfalt og gott!

„Lambabógur
hægeldaður
í rauðvíni,
timíjani og lauk“
samkaupurval.is

**40%
afsláttur**

verð áður 1.598 kr/pk

959 kr pk

Kalkúnapylsur 10 stk
frá Ísfugli

Ódýrt

**FRÁBÆRT
VERÐ!**

verð áður 998 kr/kg

**Úrvals
lambabógur**

úr kjötborði eða pakkaður ferskur

749 kr/kg

**50%
afsláttur**

verð áður 198 kr/stk

99 kr stk

Nýbakað á staðnum!
Amerískir kleinuhringir

...sjá uppskrift

„Appelsínusalat
með salatblöðum,
gúrku og
balsamikediki“

**50%
afsláttur**

verð áður 359 kr/kg

Appelsínur

180 kr/kg

Skráðu þig á póstlistann á samkaupurval.is og fáðu nýjustu tilboðin og uppskrift í tölvupósti á hverjum fimmtudagsmorgni

Segir hagsmuni rækjuiðnaðarins á Ísafirði verða tryggða

„Þetta mál sýnir okkur hversu hörmulega var að málum staðið af hálfu fyrri stjórnvalda þegar ákvörðun var tekin á sínum tíma að gefa úthafs-rækjuveiðarnar frjálsar, eins og það hefur verið kallað. Þegar það var gert var greinilega engin stefna mörkuð um það hvernig með skyldi fara, ef kæmi til þess að veiðarnar yrðu kvótasettar að nýju. Það virðist því blasa við að fyrri stjórnvöld hafi gert ráð fyrir að þegar tímabili „frjálsu veiðanna“ lyki og kvótasetning tæki við, þá yrðu

þeir kvótar, veiðirétturinn, í höndum þeirra sem höfðu þá áður,“ segir Einar Kristinn Guðfinnsson, forseti Alþingis og einn af þingmönnum Vestfirðinga.

Tvær lögmannsstofur hafa skoðað málin, önnur þeirra fyrir stjórnvöld. Það virðist niðurstaða beggja að kvótasetning að óbreyttum lögum, feli í sér að kvóta yrði úthlutað til þeirra sem höfðu aflahlutdeildir áður en veiðarnar voru gefnar frjálsar, að sögn Einar Kristins. Hann segir óbreytt lög fela með öðrum orðum í sér, sam-

kvæmt þessum lögfræðiálitum, að engar aflaheimildir fari til þeirra sem ekki höfðu þær áður en frjálsu veiðarnar hófust.

„Núverandi sjávarútvegsráðherra stóð þess vegna frammi fyrir vanda. Óbreytt lög fela framangreint sem sagt í sér. Ef taka ætti tillit til veiðireynslunnar á síðustu árum, yrði þá að breyta lögum. Og það er nákvæmlega það sem ráðherrann vill beita sér fyrir. Þau mál eru í undirbúningi. Niðurstaðan er ekki komin. Ráðherrann hefur sérstaklega kallað

eftir því að þeir sem hafi athugasemdir komi þeim á framfæri við ráðuneytið í tilefni af undirbúningi lagafrumvarpsins. Í því ferli er málið,“ segir Einar Kristinn.

Einar Kristinn segir að það hvarfli ekki að honum eitt andartak að stjórnvöld, og allra síst núverandi sjávarútvegsráðherra, muni skilja þannig við málið að rækjuiðnaðurinn á Ísafirði verði skilinn eftir í uppnámi. Ráðherrann muni örugglega vilja vinna málið þannig að hann sé þess viss að þeir hagsmunir verði

tryggðir, svo mikið sé víst.

„En mér finnst líka athyglisvert að í þeirri miklu umræðu sem hefur orðið um málið hafa fáir, ef nokkrir, orðið til þess að verja óbreytt fyrirkomulag. Deilan stendur um það hvert eigi að úthluta veiðiréttinum. Hvert það eigi að deila honum á grundvelli gildandi laga til þeirra sem höfðu hann fyrir eða taka tillit til veiðireynslunnar síðustu árin. Ég lít á það sem hvert annað viðfangsefni sem stjórnvöld þurfi að leysa úr,“ segir Einar Kristinn.

Rannsakar getu bæjarbúa til að taka á móti skemmtiferðaskipum

„Ég er að spyrja fólk hvernig það lítur á breytingarnar sem það tekur eftir í kjölfar komu skemmti-

ferðaskipa til Ísafjarðar, hvernig þær hafa áhrif á daglegt líf, umhverfið og samfélagsuppbygginguna á svæðinu. Ég spyr spurninga eins og hvort fólk sjái meira rusl á götunni þegar skipin eru í

það sem verkefnið snýst um. Ég útbjó spurningalista sem verður sendur út í tölvupósti 29. ágúst í samvinnu við Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða og Ísafjarðarbæ,“ segir Megan.



Megan rannsakar áhrif komu skemmtiferðaskipa á daglegt líf bæjarbúa.

höfn, hvort það sé minni friður í bænum eða hvort fólk nýti sér möguleikann á að hitta einstaklinga með ólíkan menningarbakgrunn. Ég spyr einnig spurninga eins og hvort fólk telji að bærinn njóti góðs af komu skipanna og hvort fólkíð sjálft njóti góðs af,“ segir Megan Anne O'Brien, meistaranemi í haf- og strandveiðistjórnun við Háskólasetun Vestfjarða, sem kannar hvort takmörk séu á fjölda skemmtiferðaskipa sem Ísafjarðarbær getur tekið við árlega.

„Ég fékk hugmynd að verkefninu á því að búa hér, tala við fólk og mæta í tímana. Ég komst að því að mikið er rætt um skemmtiferðaskipin en enginn hafði spurt íbúana hvað þeim finnst um komu þeirra til Ísafjarðar. Fólk sem starfar við að þjónusta skipin, eins og Nancy hjá Vesturferðum og Muggi hafnarstjóri, telja að það séu takmörk fyrir því hversu mörgum skipum bærinn geti tekið við og það er einmitt

það sem verkefnið snýst um. Ég útbjó spurningalista sem verður sendur út í tölvupósti 29. ágúst í samvinnu við Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða og Ísafjarðarbæ,“ segir Megan.

Eitt af því sem Megan vill rannsaka er hvort samhengi sé á milli ákvarðanatöku yfirvalda varðandi skemmtiferðaskipin og vilja íbúanna í málinu. Einnig hvort það séu svið þar sem aðrir hagsmunaaðilar, eins og fiski- og flutningaskip, rekist á. Hún vonast til að geta hjálpað yfirvöldum í framtíðinni við að gera áætlun um hvernig best er að nýta aðstaðu og afþreyingarsvæði (eins og Tungudal o.fl.) sem best og athuga hvort það sé eitthvað sem heimamenn nota einnig.

„Ég held að íbúar hafi góða hugmynd um hver mörkin eru og hvers þeir vænta í framtíðinni. Vonandi verður þetta leiðarvísir sem stuðlar að því að allir verði ánægðari, íbúar, bæjaryfirvöld og farþegar skipanna sem vonandi vilja þá koma aftur. Þetta er mikilvægur þáttur efnahagskerfis svæðisins, en ekki allur efnahagurinn,“ segir Megan.

Hún mun nýta sér fyrri menntun í að rannsaka hversu miklum fjölda rými og auðlindir svæðisins geta tekið við en í könnuninni spyr hún hvort umhverfið og fólkíð hafi einhver takmörk varðandi komu skipanna. Könnunin verður send til íbúa miðvikudaginn 29. ágúst, sem valdir eru af handahófi, og vonast Megan til að sem flestir sjái sér fært að taka þátt.

– hordur@bb.is.

Námskeið veturinn 2013-2014



Baldýring:
7.-8. september,
21.-22. september og
5.-6. október.
Samtals 24 klst.
Verð: 60.000
efniskostnaður innifalinn

Skráning fyrir 2. september
á fgo@simnet.is
(Friðgerður Ómarsdóttir)

Herrabúningur:
31. jan.-2. feb.
14.-16. feb.
28. feb.-2. mars,
14.-16. mars

Skráning hjá fgo@simnet.is
(Friðgerður Ómarsdóttir)

Þjóðbúningafélag Vestfjarða





TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

NÝR AURIS HYBRID SKAPAÐUR FYRIR ÞIG



Nýr Auris Hybrid er eins og skapaður utan um þig. Stílhreinn, fallegur og hugvitsamlega hannaður með þægindi, öryggi og sparneytni í fyrirrúmi. Aksturinn er hreinasta nautn og Touch-kerfið með bakkmyndavél, snertiskjá, aksturstölvu og tengingu við farsíma opnar fyrir þér umheiminn með aðgangi að tónlistinni þinni og möguleikanum á kortaleiðsögn um íslenska vegi með Touch & Go. Hybrid-kerfið tvinnar saman rafmótor og bensínvél sem notar aðeins 3,8 lítra á hundraðið í blönduðum akstri. Sjó loftpúðar auka síðan enn frekar á öryggi þitt og farþega þinna.

Verð 4.590.000 kr.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is
Erum á Facebook - Toyota á Íslandi

HYBRID



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

*Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgengið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

Fær ítrekað frestun á samningi

Anton Helgason, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, segir enga bráðmengun stafa af þeim bílum sem eru að Garðsstöðum í Ísafjardardjúpi. Þorbjörn Steingrímsson, bóndi að Garðsstöðum, hefur ekki enn fengið starfsleyfi þrátt fyrir að hafa hafið starfsemi árið 1981, eða fyrir 32 árum. Þorbjörn kaupir bíla sem hann rifur til að selja úr þeim varahluti og í brotajárn. Þar sem búið er að taka af þeim olíu og rafgeyma, er ekki á dagsskrá að aðhafast neitt í málinu að sögn Antons. Hann segir Heilbrigðiseftirlitið samt fylgjast með starfseminni.

Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri í Súðavík segir sveitarfélagið hafa gert samning við Þorbjörn í október 2006 þess efnis að bílum yrði fækkað á jörðinni og áttu þeir að vera komnir niður í sjöttu árið 2008. „Í framhaldinu ætluðum við í samvinnu við landeiganda, að aðstoða við að skilgreina svæðið sem iðnaðarsvæði, sem er forsenda þess að reka bílpartasölu, því jörðin er ekki skilgreind fyrir slíka starfsemi. Ákvæði samningsins náðu ekki fram að ganga og voru veittir frestir á samningnum. Við náðum ekki þeim árangri sem stefnt var að. Samningurinn var undirritað-

ur af báðum aðilum og ber með sér að hér var um vilja beggja að ræða,“ segir Ómar Már.

Pegar ljóst var að samningurinn myndi ekki ganga eftir, fór sveitarfélagið að leita annara leiða sem endaði með öðrum samningi árið 2010. Þá voru bílarnir á Garðsstöðum orðnir 500 talsins og samningurinn bar það með sér að ef ekki næðist að framfylgja honum gæti sveitarfélagið beitt sér fyrir því að láta hreinsa landið á kostnað landeiganda. „Frá þessum tíma hefur Þorbjörn ítrekað óskað eftir frestun og við höfum verið að veita fresti í góðri trú um að bílunum

fari að fækka á jörðinni. Við höfum látið telja bílana til að sjá hvar við stöndum og hvort verið sé að fara eftir ákvæðum samningsins. Bílunum hafði fækkað niður í 420 í fyrria en það er ekki í samræmi við það sem samningsaðilar skrifuðu undir. Þorbjörn má halda eftir 90 bílum,“ segir Ómar Már.

Árið 1994 voru hátt í 100 bílar á Garðsstöðum. Þeir voru orðnir 550 árið 2003 en engar talningar eru til þar á milli. Þeir voru síðan tæplega 600 árið 2004. „Það eru ákveðnar leikreglur sem gilda varðandi þessa starfsemi og það er ríkjandi sjónarmið að allir eiga

að vera undir sömu reglum, hvar sem þeir eru á landinu, og þeim ber að fylgja. Það eru aðrar bílpartasölur reknar með starfsleyfi og annað í lagi. Við munum láta fara fram talningu á haustmánuðum og taka ákvörðun í framhaldi af því hvernig staðan er. Hafi bílur fækkað, og sýnilegt að það sé samvinna í gangi, um að gera það sem ákvæði samningsins ganga út frá, munum við vera ánægð með það. Nái samningurinn ekki fram að ganga þurfum við að skoða aðrar leiðir,“ segir Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri í Súðavík í samtali við blaðið.

– hordur@bb.is

3X Technology kaupir Fiskvélar

Tæknifyrirtækið 3X Technology ehf., á Ísafirði hefur fest kaup á fiskvélahluta Egils ehf., í Garðabæ. Með kaupunum verður til ný vörulína skurðarvéla hjá félaginu sem fengið nafnið FLEX. Vörumerkið FLEX stendur fyrir fjölhæfni vélanna og má m.a. nefna FLEX 378 tölvustýrða flökunarvél sem er sem hönnuð er til að vinna fjölbreyttar fisktegundir. Komin er mjög góð reynsla á vélarnar sem skila aukinni nýtingu og eru jafnframt með lægri rekstrarkostnað en hliðstæðar vélar. FLEX vörulínan hjá 3X inniheldur einnig hausara, roðflettivélar og sérhæfðar hryggjaskurðarvélar fyrir hvítfisk og lax.

Samhliða kaupunum er unnið að eflingu þjónustudeilda 3X og stækkar þar með Reykjavíkur-



Höfuðstöðvar 3X Technology á Ísafirði.

deild félagsins en sölu- og markaðsdeild fyrirtækisins er einnig starfrækt á höfuðborgarsvæðinu. Jón Helgi Guðnason hefur verið

ráðinn þjónustustjóri og mun hann stýra uppbyggingu á þjónustudeild fyrir viðskiptavinum félagsins um land allt og erlendis

en vörur fyrirtækisins er nú að finna í meira en 20 löndum í fjórum heimsálfum.

Með kaupunum á Fiskvelum

er verið að styrkja enn frekar vöruframboð 3X Technology í fiskiðnaði með aukinni áherslu á heildarlausnir.

Makrill, Grikkland, grágæs og ESB

Stundum verður fólki ofboðið að hlusta á Ríkisútvarpið – sjónvarp – allra landsmanna. Á það einkum við um fréttatvöng af IPA styrkjum og því hvernig viðræðum skuli slitið eða haldið áfram við Evrópusambandið. Minna heyrir af því að björgunarpakki Grikklands verði minni í næstu lotu. Vandí Grikkja er mikill og ekki auðleystur. Mikið atvinnuleysi er staðreynd og er ekki að sjá lausn. Grikkland gekk í Efnahagsbandalag Evrópu, forvera Evrópusambandsins, árið 1981. Engu að síður er efnahagsvandinn mikill og Þjóðverjar hafa lagt þá línu að takmörk séu fyrir því fé sem til þeirra renni. Lítið er fjallað um þennan þátt í ríkisútvarpinu. Í stað þess er hamast á nýrri ríkisstjórn, sem einungis hefur gert hlé á aðildarviðræðum, sem þetta sama útvarp hefur kallað samningaviðræður. Sambandið talar um aðildarviðræður. Hvort skyldi segja satt, ríkisútvarpið eða Evrópusambandið? Það hefur verið hreinskilnara en bæði fyrri ríkisstjórn og ríkisútvarpið og segir satt. Grikkland naut þess ekki fremur en Kýpur að hafa Evru. Þar eru gjaldeyrishöft og mun strangari en á Íslandi. Segir það eitthvað? Makrillinn, sem syndir um sjóinn alls óvítandi um að Evrópusambandið eigi hann, er deiluefni og Færeyingar gjalda þess nú. Grænlingar fá ekki að koma að samningaborðinu heldur. Þá er

sjálfsagt að beita viðskiptabanni og þvingunum gagnvart örpjóðum sem ekki mega sín neins gegn sambandinu. Ísland situr í sömu súpu. Þó vita allir sjómenn að makrillinn syndir óháð skriffinnum í Brussel. Þeim hefur tekist afleitlega að stjórna fiskveiðum sambandsþjóða. Nú blasir við nýtt vandamál sem bæði evrópusambandsmönnum og fréttamönnum ríkisútvarps hefur yfirsést. Gæsveiðitímabilið hófst 20. ágúst síðast liðinn og stendur um sinn. Margir hafa hug á því að veiða bæði grágæs og heiðargæs, sem reyndar stendur skemur við. Þetta eru farfuglar sem eiga sér víst vetrarvist í Evrópu og sennilega lögheimili þar.

Skyldi gæsin vita af því að farfuglum og farfiskum er ekki heimilt að þvælast um án afskipta Evrópusambandsins? Sennilega er henni jafn illa komið og makrillnum og síldinni að fljúga um, líkt og fiskurinn syndir, algerlega án leyfis skriffinna í Brussel. Næst hljóta þeir að setja viðskiptabann á Ísland vegna óhóflegra veiða úr stofninum, nema þeir úthluti kvóta í samráði við Norðmenn úr hverjum íslenskar gæsaskyttur megi veiða. Hér er komið verðugt efni til að fjalla um í ríkisútvarpinu og evrópusinnar geta varið til þess tíma og fé skattgreiðenda.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakði umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



FIMMTUD. OPIÐ
11:00-18:30

BONUS EKKERT BRUÐL

VISA

FIMMTUD. OPIÐ
11:00-18:30



Hvað er safnið stórt?

Kveikjararnir eru á milli 600-700 fálansins bæði íslenskir og erlendir.

Hvenær byrjaðir þú að safna?

Árið 1990.

Hver var ástæðan fyrir því að þú byrjaðir á þessu?

smáar

Íbúð óskast til leigu á Ísafirði, helst 3ja-4ra herb. Upplýsingar í síma 864 2216.

Óska eftir karlkyns páfagauki gefins. Uppl. í síma 847 9197.

Afgefnu tilefni er öllum óheimilt að skjóta fugla og önnur dýr í Langadal í Ísafjarðardjúpi. Landeigendur.



Þórdís við kveikjarasafnið í sumarbústaðnum. Ljós: Ágúst G. Atlason - gusti.is.

Þórdís Guðmundsdóttir á Ísafirði safnar kveikjurum

Þannig var að góð vinkona mín var nýkomin frá París og var hún með tóman lítinn kveikjara. Hún stakk honum yfir sperru í skarðshúðinni. Þessi kveikjari er voða fallegur með mynd af merki frönsku byltingarinnar sem var þá 200 ára. Þannig byrjaði þetta. Svo kom fólk og spurði mig hvort ég væri að safna og stakk kveikjara á næstu

súð.

Hvað veldur því að fólk fer að safna að þínu mati?

Ætli það sé ekki óvart eins og í mínu tilviki, það er líka gaman að safna fallegum hlutum sem fólk hefur áhuga á.

Getur þú nefnt nokkra muni sem eiga sér sérstaka eða óvenjulega sögu?

Nei enga nema af þessu

fyrsta. Í þessu safni mínu eru kveikjarar frá flestum búðum, sjoppum og vinnustöðum á Ísafirði sem eru horfnar í dag.

Hefur þú skrásett munina á einhvern hátt?

Nei, bara raða þeim fall-ega.

Velst þú um einhverja fleiri sem eiga áþekkt safn?

Nei.

Hvernig nýtir þú safnið?

Sem veggskraut í sumarbústaðnum.

Eru einhverjir aðrir en þú sem hafa aðgang að því?

Öllum sem koma í bústaðinn finnst gaman að skoða þetta og stundum vantar einhvern eld.

Hvernig sérðu það fyrir sér þróast í framtíðinni?

Ég veit það ekki, það er ekki mikið pláss eftir.

Sælkerar vikunnar eru Steinunn Diljá Högnadóttir og Halldór Örn Guðmundsson

Exótískur kjúklingur

Við erum miklir sælkerar og gerum oft vel við okkur í mat og drykk í góðra vina hópi. Þessi réttur sló í gegn í matarboði um daginn enda ferskur og framandi.

Exótískur kjúklingur með stir-fry hrísgrjónum fyrir fjóra

Þessi réttur er bestur ef hann fær að malla í svolftinn tíma og ekki síðri til að hita upp daginn eftir.

4-6 kjúklingabringur skornar í bita (ég nota oft úrbeinuð læri líka, í raun má nota hvaða hluta fuglsins sem er) 3 hvítlauksrif, söxuð 1 laukur, skorinn gróflega 1 rauð paprika, skorin í bita

1 kúrbítur, skorinn í bita 1 dós ananaskurl/bitar (ef ferskur er í boði er það auðvitað snilld) grænt karrí eftir smekk, nota 1/3 úr lítilli krukku 8 kaffi lime lauf (fást örugglega í tælensku búðinni á Ísafirði) 1 dós kókosmjólk rjómi eftir smekk- eða bara önnur dós af kókosmjólk

Laukurinn er mýktur upp úr olíu og hinu grænmetinu bætt út í. Þegar það er orðið mjúkt er kókosmjólk og grænt karrí sett yfir og blandað saman. Látið krauma á lágum hita. Kaffi lime laufin lsettu út í og látið malla (þau eru notuð eins og lárviðarlauf; ekki borða þau.) Á meðan er kjúklingurinn steiktur á pönnu,

kryddaður með salti og pipar og kláraður í ofni. Hann er svo settur út í grænmetisblönduna.

Stir-fry hrísgrjón

Þessi aðferð er líka tilvalin ef maður á afgangsgjón inni í ísskáp og langar í léttu máltíð! Í þetta má líka nota hvaða grænmeti sem er til í ísskápnum.

2 dl hrísgrjón
2 gulrætur, þunnt sneiddar
vorlaukur/blaðlaukur þunnt sneiddur
4 sveppir, smátt skornir
1-2 egg
ferskt kóríander, gróflega saxað
soya sósa eftir smekk

Gjónin eru soðin og grænmeti-



inu skellt á pönnu á meðan, léttsteikt. Grjónunum er svo skellt út á með smá soya og salti. Í blálokin er egginu hellt út á og þá þarf að passa að hræra alveg á milljón á meðan eggjið er að eldast með grjónunum. Kóríander stráð

yfir í lokin. Gott að bera fram með naanbrauði eða flatbrauði.

Okkur langar að skora á mömmu mína Sunnu Rey Sigurjónsdóttur á Ósi en hún er mín helsta fyrirmynd í eldhúsinu.

Ert þú ekki gera ekki neitt týpa?

Motus ehf. er leiðandi fyrirtæki á sviði kröfustjórnunar (Credit Management Services).

Hjá Motus starfa rúmlega 130 starfsmenn á 11 starfsstöðvum um land allt. Meðal viðskiptavina Motus eru m.a. fjölmörg af stærstu fyrirtækjum og stofnunum landsins.

intrum  **justitia**

Motus er samstarfsaðili Intrum Justitia, sem er markaðsleiðandi fyrirtæki í Evrópu á sviði kröfustjórnunar.

Þjónustustjóri óskast fyrir Vestfirði

Motus leitar að öflugum þjónustustjóra fyrir Vestfirði með aðsetur á skrifstofu fyrirtækisins á Ísafirði.

Starfið felst m.a. í þjónustu og samskiptum við viðskiptavinum Motus á Vestfjörðum og er þjónustustjóri jafnframt hluti af daglegri fyrirtækjaþjónustu Motus á landsvísu.

Helstu verkefni:

- Þjónusta og upplýsingagjöf.
- Samskipti við viðskiptavinum.
- Skýrslugerð.
- Úrvinnsla mála í fyrirtækjaþjónustu.

Hæfnisþættir:

- Framúrskarandi samskiptahæfni og þjónustulund.
- Frumkvæði og drifkraftur.
- Jákvæðni og sjálfstæði.
- Hæfni til að vinna í hóp og takast á við breytilegt umhverfi.
- Háskólamenntun eða starfsreynsla sem nýtist í starfi.

EKKI GERA EKKI NEITT er grundvöllur fyrirtækjamenningar Motus, en innri gildi starfsmanna eru hjálpssemi, frumkvæði, jákvæðni, vinnusemi og umburðarlyndi.

Í boði er skemmtilegt umhverfi, metnaðarfullir samstarfsmenn, afburða upplýsingakerfi og öflugt fyrirtæki.

Nánari upplýsingar veitir Sigurbjörg D. Hjaltadóttir starfsmannastjóri Motus í síma 440 7122. Vinsamlegast sakið um á heimasíðu okkar www.motus.is. Umsóknarfrestur er til og með 6. september 2013. Ráðið verður í starfið sem fyrst.



Náttúruunnandi og hrefnuveiðimaður

Konráð Eggertsson er fæddur og uppalinn í Bolungarvík til níttján ára aldurs en þar bjó hann með foreldrum sínum, Eggerti Haraldssyni og Valborgu Guðmundsdóttur, sem bæði eru látin. Hann er vel þekktur Vestfirðingur og landsþekktur hrefnuveiðimaður, en hann byrjaði fjórtán ára gamall að starfa til sjós og hefur stundað sjómennsku síðan með litlum hléum. Konráð er kvæntur Önnu Guðmundsdóttur og búa þau saman á Ísafirði. Þau eiga fjögur börn og þrettán barnabörn, sem hann segir að sé gullsígildi.

Sjómennskan

„Ég byrjaði á netum með Sigurjóni Hallgrímssyni og reri frá Grunnavík, þar var fiskurinn verkaður og saltaður og voru þar tveir bátar. Ég var á bát sem hét Dynjandi ÍS 69 og svo var Heklu-

tindur, happadrættisbátur, en DAS hafði báta í vinning og Heklutindur var einn af þeim,“ segir Konráð, eða Konni eins og hann er oftast nefndur.

„Maður hélt á þeim tíma að allir þyrftu að vinna, skólagöngunni fór lítið fyrir. Það lá beint við að við, strákarnir á svæðinu, færum á sjóinn. Sumir fóru í Stýrimannaskólann og ég tók 120 tonninn á sínum tíma, sem er 500 tonn í dag, og vélstjórnann. Það var ekki um annað að ræða. Ég hef alltaf haft mest gaman af hrefnuveiðunum. Það er alltaf ákveðið kikk, ákveðin spenna,“ segir Konni, en hann lærði ungur að taka til hendinni og var í sveit á sumrin á sínum yngri árum.

Sveit á sumrin

Konni dvaldi eitt sumar í Ytri-Skálavík, fyrir utan Bolungarvík, og tvö sumur á Látrum í Mjóafirði. Það voru fyrstu tvö árin sem Sigmundur Hagalín Sigmundsson bjó þar.

„Það var gaman á Látrum, mikið fjör og mikið að gera. Seinna sumarið fengum við Farmall Cub traktor, annars var allt gert á hestum. Það var mikið puð, mikil vinna. Bóndinn vann mikið og húsmóðirin líka. Ég var vakinn klukkan sjö til að sækja kýrnar, þær voru reknar í hagann og svo var maður í öllu, smáverkum að snúast og alltaf að hjálpa til. Rifja með hrifu og raka og svo voru notaðir hestar til að ýta saman. Þá var ýtt aftan í hestinn sem bóndinn stjórnaði og ég teymdi.“

Sigið í björg

„Ég hef sigið svolítið í Hælavíkurbjarg og Hornbjarg, aðallega í Hælavíkurbjarg. Viðtókum einu sinni 14 þúsund egg í Hælavíkurbjargi á einum sólarhring og vorum þrír í bjarginu. Það var sigið niður í bjargið, gengið þar þúsund metra eða meira, þar var farið aftur niður. Settur var vír í bát niðri við sjó og eggjunum slakað niður í böllum á vírum.

Ég tók þátt í að sækja líkið þegar félagi okkar, Sigurður Magnússon, fórst þarna í bjarginu og hef ekki farið aftur til að síga eftir það. Hef bara farið til að ná mér í soðið. En ég stundaði þetta í nokkur ár og hafði mikið gaman af. Það er merkilegt að þegar maður kom fyrst á brúnina hugs-

aði maður sig vel um.

Þegar maður var búinn að vera niðri í sólarhring, og alltaf að puða og borða hrá egg og vatn blandað fuglaskít, voru menn farnir að hlaupa þar sem þeir fóru varlega áður. Það var oft fuglaskítsbragð af vatninu. Eftir að hafa verið í bjarginu í einn og hálfan sólarhring, ekki með neitt að borða nema mysu og grænar baunir fyrir utan vatnið og egginn, hafði maður ekki mikla lyst á hráu eggjunum enda menn þá búnir að borða mörg,“ segir Konni.

Aðspurður um muninn á svartfuglseggjum og hænueggjum segir hann: „Það er ekki hægt að líkja því saman, svartfuglseggeru algjört lostæti, svakalega góð. Þau voru látin úldna í gamla daga, ég hef etið þau þannig. Þau verða eins og gráðostur, græn með götum, öndvegismatur.

Það var margt etið í gamla daga. Eitt sinn þegar ég var kominn norður, þar sem ég var oft í hálfan mánuð til þrjár vikur, gleymdist 30 lítra mjólkurbrúsi í sólinni undir suðurvegg. Það var ekki hugsað um hann fyrr en eftir marga daga, mjólkinn hafði þá súrnað og innihaldið var hlaupkennt eins og súrmjólk. Einn úr hópnum smakkaði þetta og þetta var þessi fíni matur. Þetta var borðað með kanilsykri og allt var klárað upp úr brúsanum.“

Náttúruunnandi og veiðimaður

„Við eigum land í Þernuvík í Djúpi, tvenn hjón saman, og svo í Veðileysufirði í Jökulfjörðum á ég jörð sem heitir Langeyri. Það er ekkert að gerast á Langeyri en meiningin var að koma þar upp æðarvarpi. Við erum hins vegar með æðarvarp í Þernuvík. Þar var enginn æðarfugl fyrir, kannski var þar eitthvað í gamla daga, sem ég veit ekki til, en þar var ekkert þegar við byrjuðum. Nú verpir þar kría og gæsir og æðarfugl. Ég held að það hafi aldrei áður verið gert á Íslandi, að koma upp varpi þar sem ekkert varp var áður. Við girtum 1600 metra langa fjöru og girðingin náði út í sjó á báðum endum til að reyna að verjast tófunni,“ segir Konni.

Það hefur gengið vel að verjast tófunni, að sögn Konna, þegar ekki hafa orðið skemmdir á girð-

ingum. „Það er alltaf hellingur af tófu en því hefur verið sinnt að skjóta hana. Þetta er dálítill vinna, en menn telja það ekki eftir sér, hún er svo skemmtileg. Maður hefur alltaf verið veiðimaður í sér og svo er Guðmundur Jakobs-son, sem er með mér í þessu, veiðimaður að Guðs náð. Við ólum unga í þrjú ár, ef við hefðum alið á hverju ári frá því við byrjuðum er ég viss um að við værum með stórt varp. Það er ágætis verð fyrir dúninn en við höfum ekki byggt mikið á arðinum af honum, erum kominn í þrjú kíló.“

Konni hefur gaman af því að skjóta og liggja fyrir tófu. „Ef það er tófa að ergja okkur ligg ég oft úti og hef tekið upp í tvær tvisvar sinnum yfir nóttina. Það er gaman að vera úti á nóttunni yfir sumarið, þá er dauðalogn, sjórinn eins og spegill og það heyrir ekkert nema hljóðin í dýrunum. Maður heyrir hrefnur og hvali blása í Djúpinu. Í vor sá ég ekki eina einustu hrefnu. Hér var allt vaðandi í fugli og fuglagerjum en þetta sést varla í dag, að minnsta kosti mikið minna.“

Rækjan í Djúpinu

„Ég hef mikið veitt þorsk til að ala undanfarin ár og það virðist vera mikið minna af þorski í Djúpinu en hefur verið, mikið minna. Það fór bátur um daginn með troll, kastaði í botninum á Ísafirði og dró út fyrir sker. Hann fékk engan þorsk, enga ýsu, en trollið loðaði af rækju. Það var rækja í hverjum möskva. Haf-rannsóknastofnun hefur ekki þegið tilboð um að leyfa okkur skoða þetta, en við höldum því fram að það eigi að veiða rækju í Djúpinu á sumrin. Þá er enginn fiskur, engin seiði og rækjan er hrognalaus,“ segir Konni.

Hann segist ekki vita hvað Hafró er að spá, þeir hafi ekki fjármagn til neinna rannsókna. Hann, ásamt öðrum, bauð þeim að skaffa bát, mannskap og veiðarfæri en það var ekki þegið. „Við viljum láta skoða Djúpið oft á ári en það hefur ekki verið hlustað á það. Ef vísindin eru ekki rétt notuð held ég að þau séu stórhættuleg, ef búið er að byggja upp ákveðna skoðun og byggja á henni án þess að hafa nógar sannanir. En þær fást ekki nema með því að skoða hlutina betur, það liggur í augum uppi. Þessar myndir

sem teknar voru af trollinu þar sem rækjan er í hverjum möskva, sem sýna okkur hvar rækjan er í trollinu, segja okkur hvernig á að útbúa troll til rækjuveiða til að sleppa við fiskinn. Nú er verið að heimta skiljur en við viljum þær ekki, við viljum bara útbúa trollið þannig að það veiði bara rækjuna. Við viljum gera tilraunir í haust með rækjuveiði án skilju og útbúa trollinn þannig að hana þurfi ekki.“

Skíðaganga

„Þegar ég var þrítugur hafði ég aldrei á skíði stigið og var orðinn 111 kíló, farinn að vera með verki nær alls staðar. Ég tók af skarið og fór að stunda skíði með góðum félögum. Þegar ég fór fyrst á skíði gat ég varla staðið á þeim þótt ég styddi mig við vegg, en þetta kom, og síðan hef ég varla farið af þeim,“ segir Konráð. Hann fór á hverju ári á Hornstrandir á skíðunum með skemmtilegum hópi, upp í þrettán manns þegar mest var, og það slitnaði aldrei úr ferð. Þær tóku allt upp í fjóra daga og farnar voru bæði mögulegar og ómögulegar leiðir og gist var í húsum á Horni, í Reykjafirði og Ófeigsfirði.

„Ég fór í Vasagönguna einu sinni árið 1994 og Birkibeinagönguna árið 2001. Svo hef ég farið á skíði í Noregi og ætla að stunda gönguskíðin meðan heilsan lofar. Það þarf ekki að vera í góðu formi til að ganga á skíðum, maður bara byrjar og svo kemst maður í form. Ég var í eins ömurlegu formi og nokkur maður getur verið þegar ég byrjaði.“

Hrefnuveiðiafventýri

Konni hefur reynt að framkvæma eitt og annað sem honum hefur dottið í hug í gegnum tíðina. Hann var með hrefnuvinnslu á Brjánslæk sem stjórnvöld gerðu gjaldþrota, að hans sögn, með banni á hrefnuveiðum. „Þar fór Halldór Ásgrímsson fyrrverandi ráðherra fremstur í flokki. Það var bannað að veiða hrefnu en sagt að hrefnuveiðar yrðu leyfðar aftur eftir fjögur ár og okkur var boðið lán til að gera eitthvað annað á meðan. Hrefnuveiðar voru síðan ekki leyfðar aftur fyrr en núna og búið er að eyðileggja Japansmarkaðinn. Við fengum ekki neitt afskrifað.“

29. AGÚST - 3. SEPT
★ **Ísafaðarbið** ★
Elsta samfelld starfandi bið á Íslandi
DOLBY DIGITAL 3D Facebook Ísafaðarbið skemmtun.is

FROM THE DIRECTOR OF SAW AND INSIDIOUS
THE CONJURING
BASED ON THE TRUE CASE FILES OF THE WARRIORS
16
MYNDIN SEM ER BÚIN AÐ GERA ALLT
VITLAUST Í USA UNDAFARNAR VIKUR
FIMMTUDAG 29. AGÚST KL 8
FÖSTUDAG 30. AGÚST KL 8

Hross í oss
Kjarnið frá Hóla- og Hóla-
LAUGADAG 31. AGÚST KL 8
ÞRIÐJUDAG 3. SEPT KL 8

GLÆNY ISLENSK GAMANMYND
FRÁ ÞEIM SÓMU OG GERDU THE CARS
PLANES
SUNNUDAG 1. SEPT KL 5 Í 3D

WEST GANON JOEL FOSTER
ELYSIUM
FROM THE PRODUCERS OF INFERNO
HÖRKUFLOTTUR
VÍSINDAHASAR
SUNNUDAG 1. SEPT KL 8
MÁNUDAG 2. SEPT KL 8



Hrefnurvinnslan stóð vel þegar veiðar voru bannaðar og góður hagnaður af veiðunum. „Það var bara afgreitt einn, tveir og þrír og slappið af. Við vorum sjálfsagt ekki nógu harðir því við trúðum stjórnmálamönnum, en það er hlutur sem betra er að sleppa. Maður trúir ekki einu orði, tapar bara á því.“

Konni fór fyrst á hrefnuveiðar árið 1965 með tengdaföður sínum. Árið 1977 var hann byrjaður að stunda hrefnuveiðar sjálfur og selja á Japansmarkað. Svo voru veiðarnar bannaðar 1985, illu heilli að hans sögn.

„Þegar ég var að byrja til sjós sást ekki hnúfubakar. Það sást varla hvalur. Mannskapurinn var ræstur til að sjá hann. Nú er þetta á bæði borð, alltaf hvalur, alls

staðar hnúfubakar. Það vil enginn vita hvað hann er að éta. Ég hef heyrt að hann éti 4% af þyngd sinni á dag og það er ekkert lítið fyrir skepnu sem er 12-19 metrar á lengd og 24-48 tonn að þyngd.“

Útgerð síðan 1962

Konni hefur verið í útgerð síðan 1962 og er nú með fjórða bátinn sem hann gerir út ásamt syni sínum, Guðmundi Konráðssyni. Hann segir að reksturinn sleppi til því hann skuldar ekki neitt en verði alltaf erfiðari með tímanum. „Við höfum undanfarin ár verið að fiska fyrir Hraðfrystihúsið Gunnvöru í Hnífsdal og það hefur að stórum hluta haldið okkur á floti. Annars fer maður að hætta þessu og er alveg tilbúinn að selja ef einhver hefur

áhuga.“

Aðspurður hvað taki við hætti hann á sjónum segir Konni: „Ég hef svo mikið af áhugamálum að ég kemst ekki yfir þau. Í vetur taka skíðin við og Þernuvíkin næsta sumar. Ég hef verið á leiðinni í hringferð með konunni í 40 ár og við erum ekki enn farin af stað. Maður heldur alltaf að maður sé að gera eitthvað, að maður sé ómissandi, en það er ekki rétt. Sagan sýnir okkur það.“

Eftir að hafa lítið yfir farinn veg segir Konni að það standi honum ofarlega í huga að hafa hitt konuna sína, Önnu Guðmundsdóttur, sem hefur verið honum mikils virði. Svo er margs að minnast en það rúmast ekki allt í stuttu viðtali svo hér látum við staðar numið.

Þjónustuauglýsingar

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is

66°N
SEXTIU OG SEX NORÐUR

Sjóvinnufatnaður
Stígvél og vettlingar

Þjónusta í heimabyggð 1983-2013

BÍLAVERIÐ ehf

Hjólbarðapjónusta
Smurpjónusta

Smáviðgerðir

Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is



**Öll almenn
húsasmíði**

Bolungavík
456 7080 • 893 9362 • 690 1060

Umboðsaðili fyrir
GLERBORG

Fréttir og
upplýsingar um
réttindi og kjör
á vinnumarkaði
www.verkvest.is



ENDURSKOÐUN
VESTFJARÐA ehf

Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

Bílasala
456 3800
Bílaverkstæði
456 4580



Suðurgötu 9



Geirnaglinn ehf

Trésmíðaverkstæði
Strandgötu 7b
400 Ísafirði
Sími: Þórhallur 848 2087
Sími: Magnús 862 3122
www.geirnaglinn.is



ÁSINN
2x10 lítra
á sleða + karfa.
Mál: 25 x 38/35cm

Sími: 456 3710
gamarvest.is





Boltinn í beinni...

Föstudagur 30. ágúst
kl. 18:30 Bayern - Chelsea
Laugardagur 31. ágúst
kl. 11:20 Man. City - Hull
kl. 14:00 WBA - Swansea
kl. 14:00 Norwich - Southpt.
kl. 14:00 West Ham - Stoke
kl. 14:00 Cardiff - Everton
kl. 16:30 Crystal P. - Sunderl.
Sunnudagur 1. september
kl. 12:30 Liverpool - Man. Útd.
kl. 15:00 Arsenal - Tottenham

Dagar Íslands

29. ágúst 1944: Túnfiskur veiddist í Ísafjarðardjúpi og vó hann um 300 kíló. Næstu daga veiddust fjórir aðrir.

30. ágúst 1967: Tvær stórar vöruskemmur Eimskipafélagsins við Borgartún í Reykjavík brunnu en í þeim voru þúsundir tonna af vörum. Eldurinn kom upp skömmu fyrir miðnætti þennan dag og börðust slökkviliðsmenn við hann í röskan sólarhring. Þetta var mesta eignatjón til þess tíma.

31. ágúst 1805: Steinunn Sveinsdóttir frá Sjöundá dó í tugthúsinu í Reykjavík, 36 ára. Hún var dysjuð við alfaraleið á Skólavörðuholti og grjóti kastað að dysinni, Steinkudys. Vegna grjótnáms 110 árum síðar voru bein hennar flutt í Hólavallakirkjugarð.

1. september 1910: Kveikt var á gasljósum í fyrsta sinn á götum Reykjavíkur. „Margir bæjarbúar þustu út á götu með blað og bók í hönd. Þeir vildu reyna hvort lesbjart yrði við ljóskerin," segir í endurminningum Knuds Zimsen.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:
Gengur í NV 18-23 m/s. Mikil rigning á norðanverðu landinu, en slydda eða snjókoma síðdegis ofan 150-150 m.

Horfur á laugardag:
Norðvestan 20-25 m/s og úrhelli á láglandi N- og A-lands að morgni en mikil slydda eða snjókoma til fjalla. Dregur smám saman úr vindi og úrkomu, fyrst vestast. Hiti 0-8 stig.

Horfur á sunnudag:
Fremur hægir vindar, bjartviðri og kalt í veðri.

Krossgátan

	Jón Steingr.	Nautið	↖	Atar Sjúk-dómur Mjakaði	Hindra	↖	Kona	Hita-polin
	⇒						↘	
	Drykkur Álasa							
	↙				➤			
	Svalli					499		
	Unga-bömin Flan					500		
Vetni		Einskær	Skömm Málf. sk. st.				➤	
Kreisti			Eins um 2 eins					
↘					Sólguð		Á endum	
					Tónn		Kveðja	
Sund Útlím			➤			Vetni		↓
						Dauða		
Not	↕⇒				Hættu-laust	✓		
					Samst.			
Söng-kona					Gerast		Síðastur	Angan
Maður					Sam-tinging		Samst.	
↙			Gagn			Heiti		
			þor			Orðróm		
Einn		↘			Flík			
				✓	Tónn			
Útpurkir					Kona		Forsetn.	
					Öguð		Ark	
Einn								
Bíta		↖						↘
Stafur		Hringl						Lang-amma
↙					Samhlj.		Borg	
					Sendi-boði		Efni	
↘								
				Gisti				
				Mjaka				
Ró			Kopar			Angrað		
Eink st. skipa			Upphr.			Átt		
☹	↘							Tónn

VERKSTÆÐI
STEFÁNS
ARNAR

- ✓ Allar almennar bílaviðgerðir
- ✓ Rúðuskipti

Sindragata 10, 400 Ísafirði
Sími: 456 2310 / 869 6852

Finndu mig á [facebook](#)



HRADFRIYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
- sjálfbær nýting sjávarauðlinda



Jón Steingr.			S			F		D			H
	E	I	N	⇒	L	Í	T	I	L	⇒	E
	F	L	Ó	R		F	Á	G	Æ	F	T
	T	I	T	I	L	L		N		J	J
G	I	N	I	Ð				D	U	L	Ö
	R		N	A	U	M		Ð		Ð	
	E	V	A	⇒	H	Æ	N	U	M	U	M
	I	I		M	U	N	A		Æ	R	A
U	N	G	U	M		A	F	A	R	↓	U
	N	U	M	I	N	N		T	A	G	L
	↓	R	I	F		Á	R	A		E	A
H	E	S		↑	E	R	I	L	T	T	
H	I	K	A	Ð	I		F	L	A	U	M
	A	R	G	A	R	S	I	G	U	R	
S	K	Á	N	⇒	Ð	I	Ð	R	O	⇒	B
	I	I		E	I	N		Á	R	L	A
■	⇒	N	E	I	N	N	A	Ð	T	A	K

Sudoku þrautir

			3		1		9	
				9		3		8
							7	2
	1	6		2		7		
			5	4	6			
		3		1		5	2	
9	3							
6		1		7				
	5		8		9			

6			5		4	2		8
	5	4		9				7
	6		7		5		8	
4		7				5		1
	9		8		6		2	
3				5		6	4	
9		5	3		7			2

Seiða- og búsvæða- rannsóknir í Langadalsá

Veidimálastofnun fer í seiða- og búsvæðarannsóknir í Langadalsá í lok mánaðarins og aftur að ári til að kanna hversu mikið er af náttúrulegum seiðum á ánni og aldursskiptingu þeirra. Sérfræðingar Veidimálastofnunar sjá um rannsóknina en Veidifélag Langadalsár hefur gert samning við stofnunina um rannsóknina.

„Ákvörðun um áframhald á ræktun árinna verður tekin út frá tillögum sérfræðinga Veidimálastofnunar eftir niðurstöðum rannsóknarinnar. Þeir rafveiða ákveðin svæði í ánni og þá fljóta

seiðin upp. Þau drepast ekki, heldur lamast við rafmagnið. Síðan eru þau mæld og einhver af þeim eru tekin til frekari rannsókna. Þá er hægt að lesa út úr þessu hversu mikið er af náttúrulegum seiðum í ánni og hvernig árgangarnir skiptast. Náttúrulegu seiðin eru þrjú til fjögur ár í ánni áður en þau ganga til sjávar, en það fer eftir aðstæðum eins og hitastigi og fæðumagni,“ segir Þorleifur Pálsson, formaður veiðifélags Langadalsár.

Þorleifur segir seiðin sem sleppt er í ána vera af þeim stofni

sem fyrir er í ánni. „Það er tekinn klakfiskur á haustin, annað er ekki löglegt, en ég hef sjálfur tekið klaklax á haustin í áraraðir. Það eru nokkuð mörg ár síðan byrjað var að sleppa seiðum úr stofni árinna, 20-25 ár. Fyrst var farið að sleppa sumaröldum seiðum sem eru í ánni í tvö til þrjú ár eftir að þeim er sleppt. Það er yfir tíu ár síðan byrjað var að sleppa gönguseiðum,“ segir Þorleifur en hann telur mikilvægt að þetta sé gert á faglegum nótum og félagið nýti þá þjónustu sem Veidimálastofnun býður uppá.



Hugmynd Guðrúnar Stellu og Soffíu.

Vilja bjarga menn- ingarverðmætum

Guðrún Stella Gissurardóttir og Soffía Vagnsdóttir í Bolungarvík hafa gert gert bindandi tilboð í húseignina að Aðalstræti 16 í Bolungarvík. Í húsinu sem er friðað, hyggjast þær koma á fót framleiðslu og þjónustu sem byggir á sögunni um landnámskonuna Þuríði Sundafylli. Hafa þær stöllur þróað framleiðsluvörur og unnið að hugmyndum um uppgerð hússins, umhverfi og hlutverki. Með kaupnum vilja þær einnig efla atvinnusköpun kvenna í Bolungarvík, marka Bolungarvík sérstöðu með vísan til menningararfsins úr frá sögunni um Þuríði, bjarga verðmætum og fegra ámynd miðbæjar Bolungarvíkur.

Húsið hefur verið teiknað upp eftir þeirra hugmundum og sýnir teikningin hvernig húsið gæti litið út með gamaldags timbur-

klæðningu, endurbættum gluggum og fallegu og snyrtilegu umhverfi. Í bréfi Péturs H. Ármannssonar hjá Minjastofnun Íslands til byggingarfulltrúans í Bolungarvík, kemur m.a. fram að húsið sé byggt árið 1909 og sé því friðað samkvæmt lögum. Húsið hefur umtalsvert varðveislugildi, ekki síst í ljósi þess að tiltölulega fá hús frá sama tíma hafa varðveist í Bolungarvík. Í bréfinu segir einnig: „Það getur sómt sér vel á núverandi stað og fyllsta ástæða er til að huga að viðgerð á því. Af myndum að dæma virðist forstofuviðbyggingin á götuhlið hússins vera seinni tíma viðbót. Hún er ekki til sérstakrar prýði fyrir húsið og má því missa sín, enda skagar hún út í götu.“

Erindi Guðrún Stellu og Soffíu var kynnt á fundi bæjarráðs Bolungarvíkur á þriðjudag en einnig


lái fyrir til kynningar tillaga Teiknistofunnar Óðinstorg um aðgengi fatlaðra að ráðhúsinu að Aðalstræti 12 frá því í janúar 2011.

„Síðan við tókum við mála-flokki fatlaðra höfum við stefnt að því að bæta aðgengi að Ráðhúsinu og var Teiknistofan Óðinstorgi, sem teiknaði húsið á sínum tíma, fengin til að vinna að tillögu um góða lausn á því. Sú lausn samtvinnast lóðinni við Aðalstræti 16, en aðgengið tengist því svæði og því mikilvægt að eignarhaldið sé á hendi bæjarins ef gera þarf breytingar á lóðablaði fyrir Aðalstræti 16 til að tryggja þá lausn. Bærinn var búinn að óska eftir leyfi til að húsið yrði fært eða að öðrum kosti rífið en nú hefur borist tilboð í húsið. Frekari ákvarðanir um framtíð hússins bíða mats Minjastofnunar,“ segir Elías Jónatansson.

BÆTTU SMÁ MANCHESTER Í LÍF ÞITT

Verð frá **19.800*** kr.

Þessi ferð gefur frá 1.500 til 4.500 Vildarpunkta aðra leiðina.



HALTU DRAUMNUM Á LOFTI

Sum mörk á Kaplaskjólsveginum eru gerð úr úlpum. En spennan þar er jafnmikil og í Leikhúsi draumanna, Old Trafford. Fátt er þó meira spennandi en að sjá hetjurnar með eigin augum og ærast af fögnuði með 75 þúsund öðrum stuðningsmönnum. Hver veit nema fagnaðarlætin bergmáli alla leið á Kaplaskjólsveginn þar sem ungir sparkverjar elta fótboldadrauminn af ástriðu. Stórir draumar við Kaplaskjólsvæg geta nefnilega náð alla leið til Old Trafford.

+ Bókaðu núna á icelandair.is

    Vertu með okkur

ICELANDAIR 

* Innifalið: Flug aðra leiðina og flugvallarskattar.